

# Fagráð í hrossarækt

## 82. fundur

Staður og stund: Bændahöllin v/Hagatorg, fimmtudagurinn 22. febrúar 2018 kl. 11:00.

Mættir: Sveinn Steinarsson formaður, Sveinn Ragnarsson, Guðný Helga Björnsdóttir, Erlendur Árnason, Ingunn Reynisdóttir og Þorvaldur Kristjánsson. Hulda Gústafsdóttir, Sýlvía Sigurbjörnsdóttir og Siguroddur Pétursson komust ekki á fundinn.

### *Dagskrá:*

1. Fundarsetning.
  2. Reglur um ræktunarbú ársins uppfærðar
  3. Sýningarátætlun
  4. Sýningargjöld
  5. Vinnuregla við mat á samræmi
  6. Hin almennu ræktunarmarkmið
- 
1. Formaður fagráðs setur fundinn og býður fólk velkomið.
  2. Farið var yfir reglur um ræktunarbú ársins. Reglurnar hafa verið að þróast á undanförunum árum en 2016 var ákveðið að leiðrétta allar einkunnir fyrir kyni og aldri líkt og gert er í kynbótamatinu. Þetta var gert til að gera einkunnir betur samanburðarhæfar áður er búum er raðað upp eftir meðaleinkunn. Þá var í fyrri ákveðið að breyta því hvernig hross sem hljóta fyrstu verðlaun eða heiðursverðlaun fyrir afkvæmi á búinu hafa áhrif á niðurstöðu búans til að tryggja að þessi árangur hafi í öllum tilfellum jákvæð áhrif á röðun búanna (sjá í reglunum að neðan). Nú var ákveðið að skýra betur út hvaða hópar hrossa liggja valinu til grundvallar. Reglurnar hafa verið þannig undanfarin ár að bæði ræktunarbú eða aðilar hafa getað komist í pottinn út á það að sýna að lágmarki fjögur hross á árinu og tvö í fyrstu verðlaun. Þannig hefur þetta verið í bland ræktunarbú þar sem öll hrossin eru frá sama uppruna, ræktunarbú þar sem uppruni hrossa er blandaður og einnig ræktendur þar sem öll hrossin eru frá sama uppruna eða fleirum en einum uppruna. Nú var ákveðið að einfalda þetta val og einskorða valið við ræktunarbú þar sem öll hrossin sem mynda hópinn sem liggur valinu til grundvallar þurfa að hafa sama uppruna (upprunanúmer). Tilgangur verðlaunanna er fyrst og fremst að verðlauna ræktunarárangur en þessi síðasta breyting er gerð til að tryggja það að einnig sé verið að verðlauna uppeldið og utanumhaldið um hrossin; vegferðina frá hugmynd að þörun til sýningar. Einnig var þetta orðið full flókin og mikil vinna við valið þegar bæði þurfti að horfa til uppruna og ræktenda og tryggja að ekkert hross gleymdist, enda að verða flóknari mynd í seinni tíð hvernig staðið er að skráningu á uppruna og ræktendum. Þessi nýja regla kemur ekki í veg fyrir að t.d. ræktendur í þéttbýli geti verið verðlaunaðir, enda er áfram horft til þéttbýlis sem uppruna og að sjálfsgöðu til ræktunarnafna. Það þótti sanngjarn og rétt að hafa tvær undantekningar á þessari meginreglu: Í fyrsta lagi má tengja saman tvö upprunanúmer ef viðkomandi ræktendur hafa flust búferlum. Þetta er gert til þess að ræktendur þurfi ekki að byrja á núllpunkti ef þeir flytjast búferlum og kenna hross sín við annan uppruna á einhverjum tímapunkti. Einnig má tengja saman tvö upprunanúmer ef ræktendur rækta hross á tveimur jörðum þegar um sama (eða

sameiginlegan) rekstur að ræða. Til að Fagráð geti tekið tillit til þannig aðstæðna var ákveðið að þetta þurfi að tilkynna fyrir 1. maí ár hvert.

Forval hrossa til dóms er töluvert eins og við þekkjum og nokkuð ljóst er að ræktunarverðlaunin eins og þau hafa verið auka heldur á það; þegar ræktandi er búinn að sýna ákveðinn hóp hrossa með góða meðaleinkunn, þá bíður hann í sumum tilvikum með að sýna hross sem eru kannski alveg tilbúin til dóms ef það er hætta á að þau lækki meðaleinkunn hópsins. Þessi verðlaun eru náttúrulega fyrst og fremst hugsuð til að verðlauna ræktendur sem skila hrossum til dóms sem eru af miklum gæðum og til þess fallin að auka á erfðaframarir í stofninum. Þessi verðlaun þurfa í raun ekki að velta öðrum hrossum fyrir sér og því síður draga úr því að þau séu sýnd. Af þessari ástæðu var ákveðið að við útreikning á meðaleinkunn búanna og samantekt á fjölda hrossa sé í framtíðinni eingöngu horft til hrossa sem hljóta 8.00 í aðaleinkunn þar sem búið er að leiðrétta fyrir aldri og kyni (leiðréttri aðaleinkunn). Þegar búið er að taka frá hross sem ná ekki 8.00 í leiðréttri aðaleinkunn, þá er búunum raðað upp eftir meðaleinkunn og fjölda á sama hátt og gert er í dag.

Reglurnar í heild sinni eru hér fyrir neðan:

### **Reglur um ræktunarbú ársins:**

Gögnin sem liggja til grundvallar eru dómar allra fulldæmdra hrossa á viðkomandi ári, með IS í sínu fæðingarnúmeri, þ.e. fædd á Íslandi. Þá liggja og allar kynbótasýningar í heiminum undir. Aðeins hæsti dómur hvers grips telur með. Öll hross telja þar sem viðkomandi ræktandi er tilgreindur, þ.e. hross sem hér telja til stiga eru stundum ekki lengur í eigu viðkomandi ræktenda/bús. Réttar skráningar upplýsinga í W-Feng eru hér lykilatriði, sá grunnur sem allt byggir á. Fyrsta sían sem lögð er á gögnin er að a.m.k. fjögur hross frá búi hafi hlotið fullnaðardóm á árinu. Önnu sían að a.m.k. 2 þeirra hafi náð 8,00 í aðaleinkunn. Aðaleinkunnir hrossanna eru þá leiðrétta fyrir aldri og kyni líkt og gert er við útreikning á kynbótamatinu. Við útreikning á meðaleinkunn sýndra hrossa og samantekt á fjölda hrossa er aðeins horft til hrossa frá hverju búi sem ná 8.00 í aðaleinkunn (sem búið er að leiðrétta fyrir aldri og kyni) – lágmark er fjögur hross. Þá er búum raðað upp eftir fjölda sýndra hrossa og leiðréttum aðaleinkunnum. Stig þessara þátta eru lögð saman fyrir hvert bú og raðað eftir skori.

Heiðurs- og fyrstuverðlauna gripir ræktenda, á sýningarárinu, telja til stiga samkvæmt eftirfarandi reglum:

- Heiðursverðlaun hryssu á árinu gilda sem eitt einstaklingsdæmt hross og hækkar meðaleinkunn búsins um 0.05 stig.
- Heiðursverðlaun stóðhests á árinu gilda sem fjögur einstaklingsdæmd hross og hækkar meðaleinkunn búsins um 0.05 stig.
- 1. verðlaun stóðhests á árinu gilda sem tvö einstaklingsdæmd hross og hækkar meðaleinkunn búsins um 0.05 stig.

Fagráð tilnefni á hverju ári 12 efstu búin til þessarar viðurkenningar og þegar það liggur fyrir hver þessi bú eru, er stigað og raðað að nýju innbyrðis (eftir meðaleinkunn og fjölda hrossa) svo endanleg röðun náist fram.

Tekið skal fram að sá hrossahópur sem kemur til álita ár hvert sem grundvöllur ræktunarbús ársins og þeirra búa sem tilnefnd eru verður að hafa sama

uppruna/upprunanúmer. Skráðir ræktendur hrossanna verða að vera skráðir undir upprunanúmeri búnsins (s.s. einstaklingur og rekstrarkt. hans / fjölskyldur og rekstrarkennitölur á sömu fastanúmerum).

Undantekning: Tengja má saman tvö upprunanúmer ef viðkomandi ræktendur hafa flust búferlum eða rækta hross á tveimur jörðum, enda er um sama (eða sameiginlegan) rekstur að ræða. Til að Fagráð geti tekið tillit til þannig aðstæðna þarf að tilkynna þetta fyrir 1. maí ár hvert.

3. Farið var yfir endanlega útgáfu af sýningaráætlun ársins. Hún er með líku sniði og undanfarin ár en heldur hefur verið dregið úr fjölda sýningarstaða til að reyna að stemma stigu við kostnaði við sýningarnar. Nú verður boðið upp á sýningar á tveimur stöðum á höfuðborgarsvæðinu; Spretti og Víðidal og hvað Eyjafjörðinn varðar er einungis boðið upp á sýningar á Akureyri. Stefnt er að sýningu á Fljótsdalshéraði. Sýningin þar hefur verið undanskilin því 30 hesta lágmarki til að halda sýningu sem gildir á öðrum sýningarsvæðum vegna fjarlægðar Fljótsdalshéraðs frá öðrum sýningarsvæðum. Í samráði við Hrossaræktarsamtök Austurlands var ákveðið að setja lágmark þar einnig og hafa það helmingi lægra en á öðrum stöðum eða 15 hross. Þetta er gert vegna þess að kostnaður við að halda sýningu þar með færri hrossum er einfaldlega of hár. Þá er stefnt að því að halda ekki sýningu í ár með tveimur dómgengjum en þannig fyrirkomulag getur leitt til aukins kostnaðar vegna meiri yfirvinnu. Vegna þessa er stefnt að því að lengja frekar sýningarnar en að tvöfalda starfsmannagengi.

Sýningaáætlunin fyrir 2018 er sem hér segir:

- 22.5 – 25.5 Sprettur
- 28.5 – 1.6 Selfoss
- 28.5 – 1.6 Akureyri
- 28.5 – 29.5 Fljótsdalshérað
- 4.6 – 8.6 Sprettur
- 4.6 – 15.6 Hólar í Hjaltadal
- 4.6 – 15.6 Gaddstaðaflatir
- 11.6 – 15.6 Borgarnes
- 11.6 – 15.6 Víðidalur
  
- **2.7 – 8.7 Landsmót í Víðidal**
  
- 30.7 – 3.8 Miðsumarssýning Akureyri
- 23.7 – 3.8 Miðsumarssýning Selfoss
  
- 20.8 – 24.8 Síðsumarssýning Gaddstaðaflatir
- 20.8 – 24.8 Síðsumarssýning Borgarnesi
- 20.8 – 24.8 Síðsumarssýning Hólar

4. Sýningargjöld ársins voru tekin til umræðu. Fyrir liggur rekstrarniðurstaða fyrir sýningarárið 2017 og þar kemur í ljós halli á sýningunum upp á rúmar átta milljónir. Ef sýningargjaldið ætti að endurspeglar kostnaðinn eins og hann kemur fyrir árið 2017 algjörlega þyrfti sýningargjaldið að hækka um ca. 30%. Ef árin 2016 og 2017 eru borin saman kemur í ljós að sýningargjaldið eins og það er í dag stendur ekki nægilega

vel af sér sveiflur í fjölda hross sem mætir til dóms. Það var því ákveðið að hækka sýningargjöldin um 5 til 6%, þ.e. gjald fyrir fullnaðardóm hækkar um ca. 6% og gjald fyrir sköpulags-/reiðdóm hækkar um ca. 5%. Sýningagjöld fyrir árið 2018 eru því sem hér segir:

	Fullur dómur:	Sköpulags-/reiðdómur:
RML	18.056	14.293
- vsk.	4.334	3.430
WorldFengur	1.400	1.400
Vallargjöld	2.210	1.377
<b>Samtals:</b>	<b>26.000</b>	<b>20.500</b>

5. Vinnuregla við mat á samræmi. Ein af niðurstöðum doktorsverkefnis Þorvaldar um tengsl sköpulags og hæfileika var áhrif breiddar um brjóst á hæfileika. Áhrifin eru það mikil að ástæða þykir að horfa sérstaklega til breiddar um brjóst þegar samræmi hrossa er metið en breidd um brjóst hefur ekki haft nein áhrif á einkunnagjöf fyrir samræmi. Aðal áhrifin eru þau að mjög grannt brjóst hefur neikvæð áhrif á hæfileika en þegar breidd um brjóst er komin upp fyrir 40 cm þynnast áhrifin út. Það er því markmiðið að koma breidd um brjóst upp fyrir ákveðið lágmark en stefna ekki að sífellt breiðara og breiðara brjósti enda eru áhrifin á hæfileika ekki línuleg upp á við og best að hafa breidd um brjóst 4-5 cm yfir ofan meðaltal. Meðaltal hjá stóðhestum er 37 cm og meðaltal hjá hryssum 36 cm. Af þessari ástæðu var ákveðið að setja ákveðna vinnureglu nú fyrir vorið um hvaða áhrif breidd um brjóst hefur á einkunnagjöf fyrir samræmi. Þessi vinnuregla var samþykkt á fundi ræktunarleiðtoga FEIF-landanna í byrjun febrúar. Reglan er eftirfarandi:

*Mat á samræmi: Til að hljóta 8.5 eða hærra fyrir samræmi þurfa stóðhestar að hafa að lágmarki 35 cm í breidd um brjóst og hryssur 34 cm.*

6. Almenn ræktunarmarkmið. Farið var yfir hin almennu ræktunarmarkmið eins og þau eru fyrir íslenska hrossastofninn og lögð drög að ákveðnum breytingum. Hin almennu markmið lýsa því að ræktunin stuðli að heilbrigðum, frjósömum og endingargóðum hesti. Þessi markmið eiga að sjálfsögðu enn við og stefna fagraðs er sú að ná betur utan um þessi markmið til framtíðar. Þá er enn í gildi markmiðið hvað varðar varðveislu litafjölbreytni. Markmiðið hvað stærð varðar var tekið til nokkurrar umræðu. Markmiðið eins og það er í dag segir að heppileg stærð íslenska hestsins sé á bilinu 135-145 cm. mælt með stöng á hæstar herðar. Þetta var á sínum tíma hugsað sem lýsing á kyninu; flest hross væru á þessu bili, enda ekki markmiðið með ræktun í sjálfu sér að stækka kynið. Það er þó spurning hvort þessu ætti að breyta og hafa lægri mörk, t.d. 137 cm – að heppileg stærð hestsins sé ekki undir 137 cm. Meðal hæð hestsins í dag er 140 cm og flest hross á bilinu 137 til 143 cm (eitt staðalfrávik er um þrjú cm). Færa má rök fyrir þessu með tilliti til burðargetu hestsins og einnig söluverðmæti hrossa en full smá hross seljast síður en stærri. Þá er spurningin hvort stærð hestsins hafi áhrif á mat á samræmi og hestar sem eru 137 cm eða undir geti að hámarki fengið 8.0 fyrir samræmi.

Þá var fagrað sammála því að bæta við hin almennu ræktunarmarkmið lýsingu á hlutverkum hestsins. Þegar hin almennu markmið eru lesin er nauðsynlegt að átta sig fljótlega á hinum eiginlegum hlutverkum hestsins; hvaða verkefni er verið að rækta íslenska hestinn til að sinna. Fyrstu drög að þessari lýsingu eru svohljóðandi:

### ***Hlutverk hestsins***

*Markmiðið er að rækta reiðhest sem getur sinnt fjölmörgum hlutverkum og nýtist breiðum hópi fólks. Notkun hestsins miðast fyrst og fremst við reiðhestskosti hans þar sem hann nýtist til almennra útreiða, ferðalaga og í hinar ýmsu keppnir.*

Þá var rætt um að bæta einnig við hin almennu markmið lýsingu á almennu ræktunarmarkmiði hvað geðslag hestsins varðar. Það væri til bóta að hafa lýsingu á því geðslagi sem stefnt er að burt séð frá því hvað væri mögulegt að meta við núverandi dómkerfi. Eftirfarandi drög voru rædd:

### ***Geðslag hestsins – almennt***

*Stefnt er að geðslagi sem gerir hestinum kleift að nýtast frábærlega í fjölmörg hlutverk með sérstaka áherslu á yfirvegum, þjálfni og geðþryði. Hesturinn á að vera kjarkaður og öruggur í allri meðhöndlun og reið. Fleiri hestgerðir rúmast innan ræktunarmarkmiðsins hvað vilja og næmni varðar; allt frá næmum og viljugum hrossum til rólyndari en ávallt er lögð áhersla á samstarfsvilja, spennuleysi og andlegt jafnvægi.*

Þá var farið yfir lýsinguna á hinu almennu ræktunarmarkmiði hvað sköpulag hestsins varðar. Þar var ákveðið að setja markmiðið upp í ákveðna röð þar sem byrjað er á því að taka fram heilbrigði og endingu. Þá er talað um að sköpulagið eigi að stuðla að burðargetu, eðlisgóðri ganghæfni og getu til að ganga í réttri líkamsbeitingu. Það er eitt aðal markmiðið með skrifum á dómskalanum hvað sköpulagið varðar að auka vægi þeirra þátta sem hafa með virkni í reið að gera og það að verðlauna þá þætti í ríkara mæli flýti fyrir erfðafrámförum í reiðhestskostum. Í ræktunarmarkmiðinu eins og það er í dag er talað um að rækta hina léttbyggðari gerð íslenska hestsins. Það var rætt um að taka það út úr ræktunarmarkmiðinu þar sem þetta er í raun ekki markmiðið að létta hestinn umfram það sem þykir léttbyggt í dag. Hvað fegurð hestsins varðar er markmiðið að auka á fótahæð hans og þar með myndarskap en bolurinn má ekki verða of léttur séð frá hlið og/eða grannur séð framan frá. Eftirfarandi drög voru lögð fram:

### ***Sköpulag – almennt***

*Sköpulagið á að stuðla að heilbrigði hestsins og endingu. Sköpulagið á að stuðla að mikilli burðargetu, eðlisgóðri ganghæfni og getu til að ganga í réttri líkamsbeitingu. Sköpulagið á að einkennast af fegurð og myndarskap með mikilli áherslu á styrk og vöðvastælt líkamsbyggingu.*

### ***Sköpulag nánar***

*Vísað til einkunnarinnar 10 fyrir eiginleikana; höfuð, háls, herðar og bóga, bak og lend, samræmi, fótagerð, réttleika, hófa, þrúðleika á fax og tagl.*

Þá var farið yfir hin almennu markmið hvað reiðhestskosti hestsins varðar. Eitt af markmiðunum með skrifum á dómskalanum hvað reiðhestskosti hestsins varðar er að bæta inn lýsingu á réttri líkamsbeitingu innan hverrar gangtegundar og auka vægi líkamsbeitingar í matinu. Það er stefnan að rækta hest sem á auðvelt með að ganga í

réttri líkamsbeitingu á hverri gangtegund og er þar með auðtamdari og aðgengilegri fyrir breiðan hóp reiðfólks. Einnig er það lykilatriði fyrir endingu hestsins og heilbrigði, að hann sé taminn og þjálfaður í réttu og uppbyggilegu formi. Ætlunin er að uppfæra hin almennu ræktunarmarkmið með þetta í huga, bæta inn lýsingu á réttri líkamsbeitingu óháð gangtegund og skýra nánar út markmiðið hvað ganglag hestsins varðar almennt. Eftirfarandi drög voru rædd:

### ***Ganglag og líkamsbeiting – almennt.***

*Stefnan er sú að því að rækta fjölhæfan ganghest, sem á auðvelt með að ganga í jafnvægi, vera sjálfberandi og fara glæsilega í reið - hinn íslenski gæðingur.*

*Megin markmiðið hvað gangtegundirnar varðar er að þær séu takthreinar, hreyfingin flæði í gegnum hestinn í jöfnum hrynjanda og að hesturinn beiti sér rétt á hverri þeirra. Gangtegundirnar eiga jafnframt að búa yfir mýkt, léttleika, skreflengd og rými.*

*Hesturinn á að eiga auðvelt með að ganga í réttri líkamsbeitingu á hverri gangtegund. Hreyfingar hestsins eiga að vera frjálssar og óþvingaðar. Hann á að hafa getu til að ganga í söfnun á hægri ferð en jafnframt að geta teygt á sér á yfirferðagangi. Hröðun á gangi á að byggja á aukningu skreflengdar umfram skref tíðni. Mikilvægir þættir í réttri líkamsbeitingu sem bygging hestsins á að auðvelda eru: Yfirlínan er löng og spennulaus og burður er í baki og afturhluta; hesturinn á auðvelt með að kreppla lend og stíga inn undir sig með afturfætur sem bera og spyrna hestinum fram, hann hefur hátt frambak og hvelvingu í baki, gengur upp í herðar, lyftir hálsrótinni og teygir ennið fram með hnakkann sem efsta punkt. Greinilegar bolhreyfingar og fjadurmagn í baki og lend sem skapast af burði og spyrnu afturfóta og spennulausri yfirlínu eiga að vera til staðar. Hvelving yfirlínunnar og reising hálsins eru mismunandi eftir því á hvaða hraða er riðið, söfnun og gangtegund. Þegar riðið er í söfnun á hægri ferð er yfirlínan hvelfdari, meiri kreppla er í lend og framhluti hestsins er hærri. Hesturinn tekur styttri og hægari skref, stöðutími afturfóta er greinilega lengri en framfóta sem hafa háar, léttar og frjálssar hreyfingar. Hér fer saman burður ásamt mýkt og gegnumflæði í hreyfingum. Þegar hesturinn eykur hraðann eykur hann um leið teygju líkamans, lengir skrefin, teygir á yfirlínunni og verður opnari í kverk án þess að tapa burði í baki, stöðutími aftur- og framfóta verður jafnari.*

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 15:30

Við pennann: Þorvaldur Kristjánsson